

Kennsluefni fyrir kynja- og hinseginfræði í leik- og grunnskólum

Verkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði, 2021

Bjarklind Björk Gunnarsdóttir

Umsjónarmenn: Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Inngangur: Kennslufni fyrir kynja- og hinseginfræði í leik- og grunnskólum	4
Meginmál: Námsfni í kynja- og hinseginfræðum skipt upp eftir aldurshópum og fræðum 8	
<i>Námsfni fyrir leikskólastig.....</i>	8
Tafla 1 Námsfni í kynjafræði fyrir leikskólastig.....	9
Tafla 2 Námsfni í hinseginfræði fyrir leikskólastig	10
<i>Námsfni fyrir 1-4 bekk.....</i>	13
Tafla 3 Námsfni í kynjafræði fyrir 1-4 bekk.....	13
Tafla 4 Námsfni í hinseginfræði fyrir 1-4 bekk	15
<i>Námsfni fyrir 5-7 bekk.....</i>	18
Tafla 5 Námsfni í kynjafræði fyrir 5-7 bekk.....	18
Tafla 6 Námsfni í hinseginfræði fyrir 5-7 bekk	22
<i>Námsfni fyrir 8-10 bekk.....</i>	24
Tafla 7 Námsfni í kynjafræði fyrir 8-10 bekk.....	24
Tafla 8 Námsfni í hinseginfræði fyrir 8-10 bekk	31
<i>Kennarar og leiðbeinendur</i>	34
Tafla 9 Efni fyrir kennara og leiðbeinendur í kynja- og hinseginfræðum	34
<i>Hvað er verið að gera vel í öðrum löndum?</i>	38
Tafla 10 Nokkrar erlendar vefsíður.....	38
Umræður og niðurstöður	39
<i>Tillögur til úrbóta:</i>	41
Heimildir	43
Undirskriftir	46

Útdráttur

Kynja- og hinseginfræðsla er mikilvæg á öllum skólastigum. Slík fræðsla leiðir til aukins skilnings á fjölbreytileika og dregur úr einelti. Niðurstöður rannsókna sýna að jafnréttisfræðslu er ábótavant í skólakerfinu hér á landi. Markmiðið með þessu verkefni er að fá skipulagða yfirsýn og þekkingu á námsefni á sviði kynja- og hinseginfræða í leik- og grunnskólum til þess að auðvelda kennurum að kenna þessar greinar og þar með uppfylla skyldur laganna og aðalnámskrá grunnskólanna. Upplýsingum hefur verið safnað saman um kennsluefni í þessum fræðum á einum stað, skipt upp eftir aldurshópum og námsgreinum ásamt kafla með gagnlegu efni fyrir kennara og leiðbeinendur.

Inngangur:

Kennsluefni fyrir kynja- og hinseginfræði í leik- og grunnskólum

Kynja- og hinseginfræðsla er mikilvæg á öllum skólastigum. Slík fræðsla leiðir til aukins skilnings á fjölbreytileika og dregur úr einelti. Jafnrétti er ein af grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Í aðalnámskrá er tekið fram að lögð sé áhersla á að búa kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Þar er einnig tekið fram að nám um kyn og kynhneigð falli undir jafnréttismenntun ásamt öðru. Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna ber skólum að veita börnum á öllum skólastigum jafnréttis- og kynjafræðslu (Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020). Meðal annars fræðslu um kynjaðar staðalímyndir og málefni hinsegin fólks. Þar er einnig tekið fram að kennslu- og námsgögn megi ekki mismuna kynjunum. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar (Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, 2016) kveður einnig á um að nemendur skuli hljóta jafnréttismenntun og þá sérstaklega í kynja- og hinseginfræðslu. Þrátt fyrir þessi ákvæði er námsefni á þeim sviðum af mjög skornum skammti. Víða eru kennarar að finna upp hjólið og nýta sér það efni sem þau finna til þess að framfylgja lögum og mæta þörfum nemenda.

Engin heildstæð og miðlæg þekking er fyrirbyggjandi á kennsluefni í kynja- og hinseginfræðum á leikskóla- eða grunnskólastigi og það vantar sárlega upplýsingar um kennsluefni á þessum sviðum sem er aðgengilegt kennurum. Dæmi eru um að kennsla á sviðum kynja- og hinseginmálefna sitji á hakanum vegna þess. Ný norræn rannsókn sýnir að jafnréttisstarf í leikskólum á Norðurlöndunum sé óreglulegt og oftar er um átaksverkefni að ræða frekar en reglulegt starf (Norrænt samstarf, 7. september 2021). Skýrsluhöfundar rannsóknarinnar tóku fram að jafnrétti er oft minna en við höldum á norðurlöndunum.

Rannsókn Jóns Ingvars og Ingólfs Ásgeirs sýndi fram á þær miklu kröfur sem samfélagið setur á ákveðna karlmennsku (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013).

Þátttakendur í rannsókn þeirra voru ýmist samkynhneigðir eða tvíkynhneigðir og voru allir að berjast við staðalímyndir til þess að fá að vera eins karlmenn eins og þeir vildu vera. Einnig kom í ljós að menning í skólum gerir ráð fyrir gagnkynhneigð og þegar þögnin er rofin og fjallað er um hinseginleika þá er einungis fjallað um samkynhneigð, aðrir hinsegin hópar eru áfram í þögn. Þöggun um hinsegin málefni veldur því að hinsegin ungmenni upplifa sig eins og þau séu ekki hluti af hópnum og þau skammast sín fyrir hinseginleika sinn sem getur leitt til þess að þau hafa verri sjálfsmynd og þeim líður verr en gagnkynhneigðum ungmennum. Einnig getur þöggunin

leitt til aukins eineltis og ofbeldis (Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2013). Þá hafa rannsóknir sýnt fram á mikilvægi þess að skapa hinseginvæna menningu í skólum (Samtökin '78, 2020; Gower o.fl., 2017; Peter o.fl., 2016). Samtökin '78, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og GLSEN stóðu fyrir því að könnun var gerð árið 2020 um líðan hinsegin ungmenna í skólakerfinu á Íslandi (Samtökin '78, 2020). Helstu niðurstöður könnunarinnar voru m.a. þær að þriðjungur þátttakenda upplifði sig óörugg í skólanum síðastliðið ár vegna sinnar kynhneigðar. Niðurstöður könnunarinnar sýndu einnig fram á að ef starfsfólk skóla var styðjandi við hinsegin menningu þá hafði það mikið að segja um líðan hinsegin ungmenna í skólum. Einnig hafði það jákvæð áhrif ef starfsfólk ræddi hinsegin málefni á jákvæðan hátt í kennslu sem sýnir fram á mikilvægi þess að skauta ekki framhjá hinseginfræðum í kennslu.

Stonewall, samtök hinsegin fólks í Bretlandi, framkvæmdi rannsókn á stöðu hinsegin grunnskólabarna á aldrinum 5-11 ára (Guasp, Ellison og Satara, 2014). Spurningar voru lagðar fyrir kennara og niðurstöður sýndu að helmingur allra grunnskólakennara höfðu orðið vitni að hómófóbíu eða hinseginfælni í garð nemenda og voru þau atvik lang oftast í garð stráka sem höfðu ekki áhuga á íþróttum og voru almennt „kvennlegri í hegðun“ en aðrir strákar. Einnig sögðu einn af hverjum fimm kennurum að nemendur sem taldir væru hinsegin væru lagðir í einelti. Mikill meirihluti kennara, eða um 70%, heyrðu nemendur nota orð sem notuð eru um samkynhneigð í neikvæðum tilgangi. Stonewall samtökin gerðu seinna aðra rannsókn en þá lögðu þau könnun fyrir hinsegin nemendur frá 11 til 19 ára (Bradlow, Bartram, Guasp og Jadva, 2017). Rétt um helmingur þeirra voru lögð í einelti vegna þess að þau voru hinsegin. Um helmingur þeirra hafði aldrei sagt frá því og svipað hlutfall sagði að það væri enginn fullorðinn í þeirra skóla sem þau treystu sér til að ræða við um hinseginleika sinn. Þá höfðu 40% nemenda aldrei fengið fræðslu um hinsegin málefni og 76% höfðu aldrei fengið fræðslu um tvíkynhneigð eða kynvitund eða trans.

Könnun sem var framkvæmd í Bandaríkjunum rannsakaði rúmlega 23.000 hinsegin nemendur á aldrinum 13-21 árs (Kosciw o.fl., 2017). Niðurstöður sýndu að tæplega 60% hinsegin nemenda upplifðu sig óörugg í skólanum vegna kynhneigðar sinnar. Næstum öll höfðu heyrt orð tengd hinsegin fólki notuð á neikvæðan hátt. Meira en helmingur þátttakanda hafði heyrt starfsfólk skóla vera hómófóbískt og 71% höfðu heyrt það tala neikvætt um kyntjáningu. Rúmlega helmingur nemenda sem höfðu upplifað áreitni í skólanum fannst þau ekki getað leitað til skólafyrvalda. Þau sem upplifðu mikið einelti vegna hinseginleika mættu sjaldnar í skólann,

voru með lægra sjálfsmat og leið verr en þau sem ekki upplifðu einelti. Þessar rannsóknir á líðan hinsegin barna og ungmenna í skólum sýna að við þurfum að gera miklu betur til þess að þessum hóp líði betur og upplifi sig örugg í skólum.

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi til að skoða stöðu kynjafræðslu í skólum ásamt áhuga nemenda og fólks innan geirans til að bæta úr stöðunni (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015; Eygló Árnadóttir, 2009; Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Eigindleg rannsókn sem Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir gerði þar sem hún skoðaði upplifun stúlkna á kynlífsmenningu fólks á framhaldsskólaaldri sýndi fram á að kyn- og jafnréttisfræðsla er mjög ábótavant í skólakerfinu hér á landi (Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, 2015). Þátttakendur tóku það fram að þær myndu vilja fá bæði meiri og betri fræðslu um þessi málefni.

Kynjajafnréttisfræðsla er ekki nógu vel sinnt í grunnskólum landsins samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Eyglóar sem ber heitið *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum* (Eygló Árnadóttir, 2009). Ein af ástæðum þess að þessari fræðslu er ekki nógu vel sinnt er að löggin duga ekki til, þau eru ekki nógu skýr og eru háð túlkun hverju sinni. Einnig vantar sárlega ábyrgðaraðila til að framfylgja þessum lögum svo að þau verði ekki bara orð á blaði. Í grein Þorgerðar Einarsdóttur og Ingólfs Ásgeirs Jóhannessonar sem fjallaði um þessi mál frá 2011 fullyrða höfundar að staða kynjajafnréttisfræðslu væri ekki viðunandi á Íslandi (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2011). Greinahöfundar töldu að jafnréttisfræðsla hafi fram að því aðallega byggst á frumkvæði einstaklinga sem eru áhugasamir um efnið. Þau töldu að ef árangur ætti að nást í þessum efnum sé mikilvægt að skólar og aðrar stofnanir skólamála axli ábyrgð og sjái til þess að lögum sé framfylgt.

Félagsmálaráðuneytið, áður Velferðarráðuneytið, lét gera skýrslu um karla og aukin hlut þeirra í málefnum sem tengjast jafnrétti og þar voru settar fram tillögur um hvaða skref væri mikilvægt að taka (Velferðarráðuneyti, 2013). Ein af þeim var að kynjafræði yrði stærri hluti af skólastarfi og lagði áherslu á að kennt yrði um samskipti og ofbeldi í nánnum samböndum með það að leiðarljósi að fræðslan myndi ná til drengja. Rannsókn sem gerð var á áhuga skólastjóra, leik-, grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík, á að bæta kynjafræðikennslu sýndi að áhugi þeirra var mikill (Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir, 2017). Svör þeirra gáfu til kynna að erfitt væri að meta það sem væri nú þegar verið að gera í þessum efnum og töldu að það þyrfti verulega að bæta margt á sviði kynjafræðslu. Efnisatriði sem skólastjórnir töldu að

mikilvægast væri að taka fyrir í fræðslu voru annars vegar að breyta staðalmyndum kynjanna og hins vegar að vinna gegn kynferðislegri áreitni. Eins og ofangreind verkefni og rannsóknir sýna er mikið ákall eftir úrbótum á kennslu á þessum málefnum sem hefur varað lengi.

Tilgangur þessa verkefnis er að kortleggja stöðuna, rýna í hvaða efni er hægt að nýta í kennslu, hvað við getum notað hér á landi sem nágrannalönd hafa gert vel á þessu sviði og hvað þurfi að bæta í til að tryggja að leik- og grunnskólanemar fái heildstæða og góða kynja- og hinseginfræðslu sem kennarar geta innleitt með öruggum og einföldum hætti. Markmiðið er að fá skipulagða yfirsýn og þekkingu á námsefni á sviði kynja- og hinseginfræðum í leik- og grunnskólum til þess að auðvelda kennurum að kenna þessar greinar og þar með uppfylla skyldur úr aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013) og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar, 2016) ásamt því að vinna betur að markmiðum Menntastefnu Reykjavíkurborgar (Menntastefna Reykjavíkurborgar, 2019). Einnig er litið til þess hvað nágrannalönd hafa gert vel í þessum efnum sem mögulega er hægt að nýta hér á landi. Annað markmið verkefnisins er að finna möguleg göt í þekkingu, skoða hvort það sé mögulega ekkert til fyrir ákveðin aldurshóp um ákveðið efni. Spurning þessa verkefnis er í raun hvað þarf að bæta svo að leik- og grunnskólanemar fái góða kennslu í þessum fræðum.

Við vinnslu á þessu verkefni var víða leitað að kennsluefni, svo sem inni á vef menntastefnu Reykjavíkurborgar, hjá Menntamálastofnun, á vefsíðunni jafnretti.is, á vef JAKÍ og hjá bókasöfnum svo eitthvað sé nefnt. Einnig var haft samband við nokkra lykilaðila innan SFS ásamt fólki sem tengist þessum fræðum á einn eða annan hátt. Þar sem þetta verkefni var unnið yfir sumarmánuði var mikið um að fólk væri í sumarfrí eða á leið í sumarfrí og hafði ekki tæk á því að svara þeim spurningum sem leitað var eftir. Erlendar síður voru skoðaðar í þeim tilgangi að sjá hvort eitthvað væri hægt að nýta hér á landi sem er vel gert erlendis.

Eins konar hugmyndabanki var settur upp með greinargóðum upplýsingum um kennsluefnið svo það nýtist sem best. Afurð verkefnisins mun verða opin öllum á vef menntastefnu Reykjavíkur og kemur til með að nýttast kennurum og leiðbeinendum beint til þess að kenna kynja- og hinseginfræði. Það mun verða öllum nemendum til góðs að fá kennslu á þessum sviðum sem rannsóknir sýna að hún hefur þau áhrif að auka jafnrétti og umburðarlyndi ásamt því að minnka einelti og óöryggi nemenda (Gower o.fl., 2017; Peter o.fl., 2016). Einnig getur afurðin nýst Menntamálastofnun, sveitastjórnunum og öðrum sem koma að kennslu og gerð námsefnis.

Meginmál:

Námsefni í kynja- og hinseginfræðum skipt upp eftir aldurshópum og fræðum

Hér á eftir hefur námsefni fyrir kynja- og hinseginfræði verið flokkað eftir því hvaða efni hentar hverjum aldurshóp og hvernig er hægt að nálgast það. Einnig er bent á hvar námsefni skortir og lagðar fram tillögur um hvernig megi bæta úr því. Það var m.a. gert með því að skoða erlend dæmi um fræðsluefni í kynja- og hinseginfræðslu. Einnig var leitað til kennara sem höfðu gert verkefni í þessum fræðum.

Í ýmsu námsefni, sem er ekki beint tileinkað kynja- og hinseginfræðum, má finna umfjöllun um jafnrétti kynjanna eða stöðu hinsegin fólks eins og til dæmis í bókinni Rokk og róttækni. Í henni er ein opna um jafnréttisbaráttu kvenna og ein opna um réttindabaráttu samkynhneigðra. Vonandi eru margar fleiri námsbækurnar sem innihalda slíka umfjöllun og fræðslu um þessi málefni. Bæði kynjafræði og hinseginfræði er einfalt að samþætta við allar námsgreinar. Þar sem þetta verkefni snerist ekki um að finna allar slíkar bækur er listinn langt því frá að vera tæmandi þegar kemur að slíkum bókum.

Hugmyndabankinn inniheldur allskonar efni sem getur nýst til kennslu á kynja- og hinseginfræði, bækur, verkefni, myndbönd, kveikjur, kennsluleiðbeiningar og fleira. Efninu er raðað upp eftir tegund til að auðvelda kennurum leit að því sem hentar.

Námsefni fyrir leikskólastig

Lítið sem ekkert kennsluefni í kynjafræði fannst fyrir börn á leikskólaaldri. Það sem fannst fyrir þennan aldurshóp sem hægt er að benda kennurum á að nýta til kennslu í þessum fræðum eru aðallega ævintýrabækur sem taka á og ögra staðalmyndum kynjanna á einn eða annan hátt. Það gæti þó reynst krefjandi að nýta þessar bækur í kennslu því að aðeins er að finna kennsluleiðbeiningar fyrir eina af þeim bókum sem þýðir mikla vinnu fyrir kennara ef þau ætla að koma efninu vel til skila. Sömu sögu er að segja um kennsluefni í hinseginfræði, ekkert kennsluefni fannst tileinkað börnum á leikskóla aldri. Það sem fannst og hægt er að benda kennurum á að nýta til kennslu voru mest ævintýrabækur, flestar á ensku og kennsluleiðbeiningar aðeins með örfáum bókum.

Tafla 1

Námsefni í kynjafræði fyrir leikskólastig

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Er ég strákur eða stelpa?	Saga fyrir elstu leikskólabörnin til að skoða kynjahlutverk og staðalímyndir. Henni fylgja spurningar sem hægt er að spyrja börnin eftir lesturinn og búa til umræður.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Sjálfsmynd	Verkefni
Verkfærakista jafnréttis-nefndar	Vefsíða með verkfærum fyrir jafnréttis og kynjafræðslu sem er skipt eftir skólastigum.	Jafnrétti - Kynjafræði	Vefsíða
Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Bók sem ætlað er að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Rafrænt er bókin tvískipt en ef hún er keypt eða fengin að láni á bókasafni er hún í einu lagi.	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Bók
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Kennsluleiðbeiningar
Kvöldsögur fyrir uppreisnargjarnar stelpur	Bók sem inniheldur hundrað sannar og spennandi sögur af konum sem hafa rutt brautina.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Vigdís: Bókin um fyrsta konuforsetann	Bók sem kynnir nýja kynslóð fyrir Vigdísi Finnbogadóttur.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Bókin um Sipp og systur hennar	Bókin sem ber heitið Sipp Sippispanipp Sippispanippisúsumsipp Systurnar sem ætluðu sko ekki að giftast prinsum! Fjallar um Sipp og systur hennar eru ungar prinsessur á framabraut og hafa engan tíma fyrir prinsa.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Sigurfljóð í grænum hveli	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum sem er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Áfram Sigurfljóð	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Sigurfljóð hjálpar öllum	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók

Frábærlega framúrskarandi konur sem breyttu heiminum	Bók sem segir frá undraverðum konum sem unnu óviðjafnanleg afrek.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Íslandsdætur	Bók um sögu rúmlega fjörutíu framúrskarandi kvenna sem spanna tímann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag.	Jafnrétti - Kvennasaga - Fyrirmyndir - Kynhlutverk	Bók
Hugdjörf hetja	Bók sem ber heitið Hugdjörf hetja. Prinsinn sem sagan fjallar um er uppfullur af gamaldags hugmyndum um kynin sem passa ekki í nútíma heim.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Tafla 2

Námsefni í hinseginfræði fyrir leikskólastig

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Er ég strákur eða stelpa?	Saga fyrir elstu leikskólabörnin til að skoða kynjahlutverk og staðalímyndir. Henni fylgja spurningar sem hægt er að spyrja börnin eftir lesturinn og búa til umræður.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Sjálfsmynd	Verkefni
And tango makes three	Bók á ensku sem hentar leikskólabörnum og hægt að nota til að tala um hinsegin málefni við yngstu kynslóðina	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
Are you a boy or a girl?	Bók á ensku sem hentar leikskólabörnum og yngstu bekkjum grunnskóla sem hægt er að nota til að tala um hinsegin málefni við yngstu kynslóðina	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk - Trans	Bók
Fjölskyldan mín	Markmiðið bókarinnar er að fagna þeim fjölbreytileika sem finna má í	Jafnrétti - Hinsegin	Bók

	fjölskyldum nútímans og fræða börn um ólík fjölskylduform		
Heather has two mommies	Bók á ensku sem fjallar um barn sem á tvær mæður	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
It's okey to be different	Bók sem fagnar fjölbreytileikanum	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Vertu þú	Bók sem segir litríkar sögur af fjölbreytileikanum og hvetur til fordómaleysis og víðsýni.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Love makes a family	Bók á ensku um fjölbreytileikann og hvað það er sem gerir fjölskyldu að fjölskyldu	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
Prinsarnir og fjársjóðurinn	Saga um prinsana Huga og Magna sem giftast í lok sögunnar. Bókin er á íslensku.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Morris Micklewhite and the tangerine dress	Bók á ensku um ungan dreng sem elskar að vera í uppáhalds kjólnum sínum og lætur fordóma annarra ekki stöðva sig	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Bók
The sissy duckling	Bók á ensku um andarunga sem fer sínar eigin leiðir	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Bók
I am Jazz	Bók á ensku um trans stelpuna Jazz	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Kennsluleiðbeiningar með bókinni I am Jazz	Kennsluleiðbeiningar með bókinni I am Jazz	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Kennsluleiðbeiningar
Introducing Teddy: a gentle story about gender and friendship	Bók á ensku um kyn og vináttu	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
It feels good to be yourself: a book about gender identity	Bók á ensku um kynvitund. Getur hjálpað til við að ræða kynvitund af virðingu.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Jacob's New Dress	Bók á ensku sem fjallar um hann Jacob sem finnst gaman að vera í kjólum.	Jafnrétti - Hinsegin -	Bók

		Trans - Staðalímyndir	
When Aidan became a brother	Bók á ensku um trans strákr	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Who are you?: the kid's guide to gender identity	Bók á ensku um kynvitund. Getur hjálpað til við að ræða kynvitund af virðingu.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Julián is a mermaid	Fallega myndskreytt bók á ensku um Julián sem elskar hafmeyjur og hefur gaman af því að klæða sig upp eins og hafmeyju	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Kennsluleiðbeiningar með bókinni Julián is a mermaid	Kennsluleiðbeiningar með bókinni Julián is a mermaid	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Kennsluleiðbeiningar
Julián at the wedding	Fallega myndskreytt bók á ensku um Julián sem elskar hafmeyjur og hefur gaman af því að klæða sig upp eins og hafmeyju. Þetta er framhaldsbók og segir frá því þegar Julián fer í brúðkaup.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
A family is a family is a family	Bók á ensku um fjölbreytileg fjölskyldu form	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir	Bók
Sparkle boy	Bók á ensku um strákrinn Casey sem elskar allt sem glitrar og glóir	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Not all princesses dress in pink	Bók á ensku sem sýnir prinsessur gera fjölbreytta hluti í allskonar fötum. Eins og til dæmis keppa í íþróttum og nota verkfæri.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Phoenix goes to school	Bók á ensku um trans stelpuna Phoenix og hennar fyrsta dag í nýjum skóla.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalímyndir	Bók
Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Bók sem ætlað er að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Rafrænt er bókin tvískipt en ef hún er keypt eða fengin að láni á bókasafni er hún í einu lagi.	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Bók
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Kennsluleiðbeiningar

A plan for pops	Bók á ensku um ungan dreng sem á samkynhneigða afa sem hann ver miklum tíma með.	Jafnrétti - Hinsegin - Fjölbreytileiki	Bók
Kyn er allskonar	Falleg myndasaga um kynvitund og kyntjáningu	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Myndasaga
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Námsefni fyrir 1-4 bekk

Það bættist ekki mikið við af kennsluefni fyrir þennan aldurshóp í kynjafræði. Mikið er um sömu bækur og tilgreindar eru fyrir leikskólastig. Nokkur verkefni og myndbönd bættust þó við listann fyrir þennan aldurshóp. Sama má segja um hinseginfræðina en þar er einnig mikið um sömu bækur og eru fyrir leikskólastigið og fáein verkefni bætast við á listann.

Tafla 3

Námsefni í kynjafræði fyrir 1-4 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Einu sinni var...	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið verkefnisins er m.a. að börnin geri sér grein fyrir stöðluðum kynhlutverkum og persónum í skáldskap og daglegu lífi	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Mismunun	Verkefni
Strákar gráta ekki	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið er m.a. að sýna hvernig staðalmyndir ýta undir mismunun.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Kynjafræði	Verkefni
Verkfærakista jafnréttis-nefndar	Vefsíða með verkfærum fyrir jafnréttis og kynjafræðslu sem er skipt eftir skólastigum.	Jafnrétti - Kynjafræði	Vefsíða
Þegar Rósa var Ragnar / Þegar	Bók sem ætlað er að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Rafrænt er bókin tvískipt en ef	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Bók

Friðrik var Friða	hún er keypt eða fengin að láni á bókasafni er hún í einu lagi.		
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Friða	Jafnrétti - Hinsegin - Kynjahlutverk	Kennsluleiðbeiningar
Kvöldsögur fyrir uppreisnargjarnar stelpur	Bók sem inniheldur hundrað sannar og spennandi sögur af konum sem hafa rutt brautina.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Vigdís: Bókin um fyrsta konuforsetann	Bók sem kynnir nýja kynslóð fyrir Vigdísi Finnbogadóttur.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Bókin um Sipp og systur hennar	Bókin sem ber heitið Sipp Sippsippanipp Sippsippanippisippsúrumsipp Systurnar sem ætluðu sko ekki að giftast prinsum! Fjallar um Sipp og systur hennar eru ungar prinsessur á framabraut og hafa engan tíma fyrir prinna.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Sigurfljóð í grænum hveli	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum sem er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Áfram Sigurfljóð	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Sigurfljóð hjálpar öllum	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Frábærlega framúrskarandi konur sem breyttu heiminum	Bók sem segir frá undraverðum konum sem unnu óviðjafnanleg afrek.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Íslandsdætur	Bók um sögu rúmlega fjörutíu framúrskarandi kvenna sem spanna tímamann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag.	Jafnrétti - Kvennasaga - Fyrirmyndir - Kynhlutverk	Bók
Hugdjörf hetja	Bók sem ber heitið Hugdjörf hetja. Prinsinn sem sagan fjallar um er uppfullur af gamaldags hugmyndum um kynin sem passa ekki í nútíma heim.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók

Hvað finnst börnum um kynbundinn launamun?	Stutt en áhrifaríkt myndband um viðbrögð barna við kynbundnum launamun.	Jafnrétti - Samskipti - Samvinna - Sjálfsmynd - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
Staðalmyndir og kynjuð störf	Örstutt myndband sem sýnir hversu staðlaðar hugmyndir barna geta verið um atvinnulífið. Góð kveikja að umræðum og frekari verkefnavinnu um staðalmyndir.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk - Félagsfærni - Sjálfsfelling	Kveikja / Myndband
Heims- markmið 5	Þáttur gefinn út af RÚV um heimsmarkmið 5 sem fjallar um jafnrétti kynjanna.	Jafnrétti - Kynjahlutverk	Myndband
Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Tafla 4

Námsefni í hinseginfræði fyrir 1-4 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Við erum ein fjölskylda	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika og því sem er frábrugðið hinu hefðbundna	Jafnrétti - Staðalímyndir - Hinsegin - Fjölbreytileiki	Verkefni
Kyn- hyrningurinn	Verkfæri til að kenna börnum um muninn á kynvitund, kyntjáningu og hverjum fólk laðast að.	Kynfræðsla - Hinsegin	Verkefni
Are you a boy or a girl?	Bók á ensku sem hentar leikskólabörnum og yngstu bekkjum grunnskóla sem hægt er að nota til að tala um hinsegin málefni við yngstu kynslóðina	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk - Trans	Bók
Fjölskyldan mín	Markmiðið bókarinnar er að fagna þeim fjölbreytileika sem finna má í fjölskyldum nútímans og fræða börn um ólík fjölskylduform	Jafnrétti - Hinsegin	Bók

It's okay to be different	Bók sem fagnar fjölbreytileikanum	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Vertu þú	Bók sem segir litríkar sögur af fjölbreytileikanum og hvetur til fordómaleysis og víðsýni.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Prinsarnir og fjársjóðurinn	Saga um prinsana Huga og Magna sem giftast í lok sögunnar. Bókin er á íslensku.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Morris Micklewhite and the tangerine dress	Bók á ensku um ungan dreng sem elskar að vera í uppáhalds kjólnum sínum og lætur fordóma annarra ekki stöðva sig	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Bók
The sissy duckling	Bók á ensku um andarunga sem fer sínar eigin leiðir	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Bók
I am Jazz	Bók á ensku um trans stelpuna Jazz	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Kennsluleiðbeiningar með bókinni I am Jazz	Kennsluleiðbeiningar með bókinni I am Jazz	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Kennsluleiðbeiningar
It feels good to be yourself: a book about gender identity	Bók á ensku um kynvitund. Getur hjálpað til við að ræða kynvitund af virðingu.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Jacob's New Dress	Bók á ensku sem fjallar um hann Jacob sem finnst gaman að vera í kjólum.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalímyndir	Bók
When Aidan became a brother	Bók á ensku um trans strák	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Who are you?: the kid's guide to gender identity	Bók á ensku um kynvitund. Getur hjálpað til við að ræða kynvitund af virðingu.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Julián is a mermaid	Fallega myndskreytt bók á ensku um Julián sem elskar hafmeyjur og hefur gaman af því að klæða sig upp eins og hafmeyju	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók

Kennsluleiðbeiningar með bókinni Julián is a mermaid	Kennsluleiðbeiningar með bókinni Julián is a mermaid	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Kennsluleiðbeiningar
Julián at the wedding	Fallega myndskreytt bók á ensku um Julián sem elskar hafmeyjur og hefur gaman af því að klæða sig upp eins og hafmeyju. Þetta er framhaldsbók og segir frá því þegar Julián fer í brúðkaup.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
A family is a family is a family	Bók á ensku um fjölbreytileg fjölskyldu form	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir	Bók
Sparkle boy	Bók á ensku um strákin Casey sem elskar allt sem glitrar og glóir	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Not all princesses dress in pink	Bók á ensku sem sýnir prinsessur gera fjölbreytta hluti í allskonar fötum. Eins og til dæmis keppa í íþróttum og nota verkfæri.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Phoenix goes to school	Bók á ensku um trans stelpuna Phoenix og hennar fyrsta dag í nýjum skóla.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalímyndir	Bók
Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Bók sem ætlað er að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Rafrænt er bókin tvískipt en ef hún er keypt eða fengin að láni á bókasafni er hún í einu lagi.	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Bók
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Þegar Rósa var Ragnar / Þegar Friðrik var Fríða	Jafnrétti - Hinsegin - Kynhlutverk	Kennsluleiðbeiningar
Askur og prinsessan	Ævintýrasaga fyrir eldri börn um hann Ask sem reynir að bjarga prinsessu. Í sögunni eru hinsegin aukapersónur sem fella hugi saman.	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
A plan for pops	Bók á ensku um ungan dreng sem á samkynhneigða afa sem hann ver miklum tíma með.	Jafnrétti - Hinsegin - Fjölbreytileiki	Bók
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Kyn er allskonar	Falleg myndasaga um kynvitund og kyntjáningu	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Myndasaga

Námsefni fyrir 5-7 bekk

Fyrir þennan aldurshóp er aðeins meira um gagnlegt og aðgengilegt efni sem hægt er að nýta til kennslu í kynjafræði. Meira af námsefni og verkefnum sem ættu að auðvelda kennurum að kenna þessi fræði án of mikillar fyrirhafnar. Eina heimasíðu má finna með námsefni á íslensku sem sett er upp á þægilegan hátt sem getur einfaldað kennslu á kynjafræði til muna. Heimasíðan opnaði á þessu ári og er hluti af lokaverkefni Kristeyjar Lilju Valgeirsdóttur (Kristey Lilja Valgeirsdóttir, 2021) en hún vonast til þess að síðan eigi eftir að gagnast kennurum vel við kennslu á kynjafræði. Mjög lítið er til af efni um hinseginfræði fyrir þennan aldurshóp. Heimasíðan „Hinsegin frá Ö til A“ ætti að gagnast kennurum vel en á henni má finna fjölbreytta fræðslu um mjög margt sem viðkemur hinseginleikanum. Ekkert heildstætt námsefni er þó að finna og því þurfa kennarar svolítið að finna upp hjólið í kennslu á hinseginfræðum fyrir þennan aldurshóp.

Tafla 5

Námsefni í kynjafræði fyrir 5-7 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Jafnréttisbaráttan	Áhugavert og skemmtilegt námsefni um jafnrétti og jafnréttisbaráttuna. Séu verkefnin tekin saman standa þau sem heilt kynjafræðinámskeið	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir	Námsefni
Kynjajafnréttisfræðsla: Námsefni fyrir miðstig grunnskóla	Heimasíða með námsefni í kynjafræði fyrir miðstig grunnskóla. Síðan er þægilega sett upp með kennsluleiðbeiningum og skipt eftir umræðuefni.	Jafnrétti – Kynjafræði	Námsefni
Rokk og róttækni	Æskulýðsróttækni leiddi af sér frjálslyndara samfélag sem kom meðal annars fram í auknum réttindum kvenna og samkynhneigðra.	Jafnrétti - Hinsegin - Aktívismi	Námsefni

Ég, þú og við öll	Kennslubók sem inniheldur sögur og staðreyndir um jafnrétti í víðu samhengi.	Jafnrétti - Hinsegin -	Námsefni
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Ég, þú og við öll	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Ég, þú og við öll	Jafnrétti - Hinsegin -	Kennsluleiðbeiningar
Karlmennska og kvenleiki	Kennsluhugmynd um hvernig hægt sé að skoða áhrif karlmennskuímynda og kvenleika á hegðun ungmenna í ákveðnum aðstæðum	Kvenleiki - Karlmennska - Staðalímyndir - Félagsmótun	Verkefni
Frá mínum sjónarhól	Verkefni um kynjajafnrétti og tengingu við sjálfbærni út frá Heimsmarkmiðunum.	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir - Kynjamyndir	Verkefni
Mismunandi laun	Verkefni tekið úr Kompás sem er handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Verkefnið sýnir þátttakendum á skýran hátt hvernig fólki er mismunað á vinnumarkaði á grundvelli aldurs og kynferðis.	Jafnrétti - Mismunun - Kynjafraði	Verkefni
Strákar gráta ekki	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið er m.a. að sýna hvernig staðalmyndir ýta undir mismunun.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Kynjafraði	Verkefni
Einu sinni var...	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið verkefnisins er m.a. að börnin geri sér grein fyrir stöðluðum kynhlutverkum og persónum í skáldskap og daglegu lífi	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Mismunun	Verkefni
Eiginleikaæfing	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið fær nemendur til þess að skoða þeirra hugmyndir og samfélagsins um kynin.	Jafnrétti - Karlmennska - Kynhlutverk - Kvenleiki	Verkefni
Meðalmaðurinn	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið fær nemendur til þess að skoða þeirra hugmyndir og samfélagsins um karlmennsku.	Jafnrétti - Karlmennska - Kynhlutverk	Verkefni
Kynin í fréttum	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að æfa	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir	Verkefni

	kynjagleraugin á alvöru fréttum og greinum.		
Kynin í fjölmiðlum	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að æfa kynjagleraugin á alvöru myndum og texta úr fjölmiðlum.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir	Verkefni
Break the norm	Safn efnis og verkefna sem tengist staðalímyndum með áherslu á að brjóta upp gagnkynhneigðaviðmiðið.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir	Verkefni
Verkefni í kynjafræði	Verkefni til að vekja fólk til umhusunar á markaðssetningu á stelpu og stráka dóti.	Jafnrétti - Staðalímyndir	Verkefni
Staðan í heiminum 2019	Staðan í heiminum 2019 og nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna þurfum við alþjóðlegan baráttudag kvenna	Jafnrétti - Aktívismi	Fræðsla
Kvenfrumkvöðlar	Listi yfir 12 hluti sem konur fundu upp sem ekki margir vita að það voru konur sem fundu þá upp	Jafnrétti - Kynhlutverk	Fræðsla
Verkfærakista jafnréttisnefndar	Vefsíða með verkfærum fyrir jafnréttis og kynjafræðslu sem er skipt eftir skólastigum.	Jafnrétti - Kynjafræði	Vefsíða
Kvöldsögur fyrir uppreisnargjarnar stelpur	Bók sem inniheldur hundrað sannar og spennandi sögur af konum sem hafa rutt brautina.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Íslandsdætur	Bók um sögu rúmlega fjörutíu framúrskarandi kvenna sem spanna tímann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag.	Jafnrétti - Kvennasaga - Fyrirmynd - Kynhlutverk	Bók
Sýnilegar stelpur	Saga um ungar stelpur sem berjast fyrir kynjajafnrétti.	Jafnrétti - Kynjajafnrétti - Fjölbreytileiki - Staðalímyndir	Bók
Vigdís: Bókin um fyrsta konuforsetann	Bók sem kynnir nýja kynslóð fyrir Vigdísi Finnbogadóttur.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Sigurfljóð í grænum hveli	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum sem er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Áfram Sigurfljóð	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók

Sigurfljóð hjálpar öllum	Bók um ofurstelpuna Sigurfljóð sem hjálpar öllum. Bókin er eftir verðlaunahöfundinn Sigrúnu Eldjárn.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Frábærlega framúrskarandi konur sem breyttu heiminum	Bók sem segir frá undraverðum konum sem unnu óviðjafnanleg afrek.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk - Fyrirmyndir	Bók
Staðalmyndir og kynjuð störf	Örstutt myndband sem sýnir hversu staðlaðar hugmyndir barna geta verið um atvinnulífið. Góð kveikja að umræðum og frekari verkefnavinnu um staðalmyndir.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk - Sjálfsefning	Kveikja / Myndband
Hvað finnst börnum um kynbundinn launamun?	Stutt en áhrifaríkt myndband um viðbrögð barna við kynbundnum launamun.	Jafnrétti - Samskipti - Samvinna - Sjálfsmynd - Staðalmyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
Kynbundinn launamunur	Stutt myndband um launamun kynjanna. Myndbandið er stutt og myndi þó boðskapurinn sé alvarlegur.	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalmyndir - Kynjafræði	Kveikja / Myndband
Hlutfall kvenna í barnabókum	Stutt myndband sem sýnir stöðu kynjanna í barnabókum og hvað kvennkyns persónur gegna oft einsleitum hlutverkum á meðan karlkynspersónur eru fjölbreyttari og stýra oft gangi sögunnar.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
Ef Öskubuska væri strákur	Stutt myndband sem sýnir söguna af Öskubusku ef hún væri karl. Hægt að nota sem kveikju að umræðu um hlutverk kynjanna og staðalmyndir.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
Heims-markmið 5	Þáttur gefinn út af RÚV um heimsmarkið 5 sem fjallar um jafnrétti kynjanna.	Jafnrétti - Kynjahlutverk	Myndband
Strympu heilkennið	Stutt myndband á ensku sem fjallar um strympu heilkennið eða the smurfette principle. Með því er átt við að mjög oft í myndum og þáttum eru aðalleikararnir karlkyns nema það er ein kona sem fær að vera með.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Kynhlutverk	Myndband
Sexism	Stutt myndband um kynjaójafnrétti og áhrif þess á fólk.	Jafnrétti - Kynhlutverk	Myndband

Elsku stelpur	Skrekksatriði Hagaskóla sem sigraði árið 2015. Áhrifaríkt atriði sem hvetur stelpur til að berjast fyrir jöfnum tækifærum og sömu virðingu og strákar fá.	Jafnrétti - Kvennabaráttan	Myndband
Disney út frá kynjafræði	Stutt myndband á íslensku um Disney myndir og kynjaðar steriótýpur. Frábært að nota sem kveikju að verkefni eða umræðum um staðalmyndir kynjanna og hvaða áhrif þær hafa.	Jafnrétti - Karlmennska - Staðalímyndir	Myndband
Greining á lagatextum	Þrjár útfærslur að vinnu með lagatexta og tónlistarmyndbönd.	Kynhlutverk - Félagsmótun - Tilfinningar - Samskipti - Kynlíf	Lagatextar
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Tafla 6

Námsefni í hinseginfræði fyrir 5-7 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Ég, þú og við öll	Kennslubók sem inniheldur sögur og staðreyndir um jafnrétti í víðu samhengi.	Jafnrétti - Hinsegin	Námsefni
Rokk og róttækni	Æskulýðsróttækinn leiddi af sér frjálslyndara samfélag sem kom meðal annars fram í auknum réttindum kvenna og samkynhneigðra.	Jafnrétti - Hinsegin - Aktívismi	Námsefni
Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Ég, þú og við öll	Kennsluleiðbeiningar fyrir bókina Ég, þú og við öll	Jafnrétti - Hinsegin	Kennsluleiðbeiningar
Við erum ein fjölskylda	Verkefni tekið úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Markmið verkefnisins er m.a. að stuðla að	Jafnrétti - Staðalímyndir - Hinsegin - Fjölbreytileiki	Verkefni

	umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika og því sem er frábrugðið hinu hefðbundna		
Kyn-hyrningurinn	Verkfæri til að kenna börnum um muninn á kynvitund, kyntjáningu og hverjum fólk laðast að.	Kynfræðsla - Hinsegin	Verkefni
Hvað er hinsegin?	Upplýsingabæklingur og plakat á íslensku og ensku	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Fræðsla
Co to jest Queer?	Upplýsingabæklingur og plakat á pólsku um hvað það er að vera hinsegin.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Fræðsla
Hinsegin frá Ö til A	Vefsíða um allt sem tengist hinsegin málefnum. Hægt að fletta upp orðum og hugtökum og fá útskýringar á merkingu þeirra.	Jafnrétti - Mannréttindi - Sjálfsmynd - Staðalímyndir - Hinsegin - Trans	Vefsíða
Sparkle boy	Bók á ensku um strákin Casey sem elskar allt sem glitrar og glóir	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Bók
Askur og prinsessan	Ævintýrasaga fyrir eldri börn um hann Ask sem reynir að bjarga prinsessu. Í sögunni eru hinsegin aukapersónur sem fella hugi saman.	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
Sex is a funny word	Bók á ensku um kynlíf og allt sem því viðkemur. Talað um kynlíf á opinn hátt sem er ekki útilokandi.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalímyndir - Kynfræðsla	Bók
Teiknimyndir með hinsegin ívafi	Þrjár stuttar teiknimyndir með hinsegin söguhetjum. Myndirnar geta verið kveikjur að umræðum um hinsegin málefni, tilfinningar og ást.	Jafnrétti - Kynheilbrigði - Mannréttindi - Sjálfsmynd - Staðalímyndir	Kveikja / Myndband
Greining á lagatextum	Þrjár útfærslur að vinnu með lagatexta og tónlistarmyndbönd.	Kynhlutverk - Félagsmótun - Tilfinningar - Samskipti	Lagatextar
Ofur mjúkar hetjur	Litabók með ofurhetjum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók

Ofur sterkar prinsessur	Litabók með prinsessum sem afbyggja staðalmyndir, eftir sænsku listakonuna Linnea Johanson	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Trans	Litabók
Kyn er allskonar	Falleg myndasaga um kynvitund og kyntjáningu	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Myndasaga

Námsefni fyrir 8-10 bekk

Fyrir þennan aldurshóp má finna meira úrval af námsefni til kennslu í kynjafræði en fyrir yngri nemendur. Þá hjálpar það að á þessum aldri eru flest ungmenni komin með þokkaleg tök á ensku og því hægt að nýta meira af efni sem til er á ensku án þess að kennarinn þurfi að byrja á því að þýða það fyrir nemendur sína. Ekki er eins mikið að finna af efni fyrir kennslu á hinseginfræði eins og í kynjafræði en þó meira af námsefni og áhugaverðu fræðsluefni fyrir þennan aldurshóp en fyrir yngri nemendur.

Tafla 7

Námsefni í kynjafræði fyrir 8-10 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Jafnréttis-baráttan	Áhugavert og skemmtilegt námsefni um jafnrétti og jafnréttisbaráttuna. Séu verkefnin tekin saman standa þau sem heilt kynjafræðinámskeið	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir	Námsefni
Stefnan sett	Kennsluefni um náms og starfsval með það að markmiði að nemendur fræðist um kynbundið náms- og starfsval og hvernig það hefur áhrif á jafnrétti kynjanna.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Starfsval	Námsefni
Kynjamyndir í skólastarfi	Bókin skiptist í 11 kafla og fjalla þeir m.a. um kynferði og vísindi, karlmennsku og kvenleika, konur og kennslu og femínískar kenningar.	Jafnrétti - Kynjafræðsla	Námsefni
Grunnkúrs í kvenréttindum	Námsefni sem er byggt á Kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CEDAW) og Pekingsáttmálanum. Námsefnið var þróað af Kvenréttindafélagi Íslands, Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð og Kvinderådet í Danmörku.	Jafnrétti - Feminismi - Kynjajafnrétti	Námsefni
Kynungabók	Markmið Kynungabókar eru m.a. að veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í	Jafnrétti - Feminismi -	Námsefni

	<p>samfélaginu og að jafnréttismál varða alla. Einnig að vekja ungt fólk til umhugsunar um áhrif kynferðis á líf þess.</p>	<p>Kynjajafnrétti - Kynhlutverk - Trans - Hinsegin</p>	
<p>Rokk og róttækni</p>	<p>Æskulýðsróttækinn leiddi af sér frjálslyndara samfélag sem kom meðal annars fram í auknum réttindum kvenna og samkynhneigðra.</p>	<p>Jafnrétti - Hinsegin - Aktívismi</p>	<p>Námsefni</p>
<p>Kynjafræði fyrir byrjendur</p>	<p>Kennslubók í kynjafræði fyrir framhaldsskóla en einnig hægt að nota fyrir elstu bekki grunnskólanna.</p>	<p>Jafnrétti - Kynjafræði - Hinsegin</p>	<p>Námsefni</p>
<p>Allir eiga rétt</p>	<p>Á vefnum má finna fjölbreytt kennsluefni frá Unicef um réttindi, skyldur, samstöðu og umburðarlyndi. Efninu er skipt upp í 7 kafla og hverjum kafla fylgja verkefni sem hægt er að vinna með unglíngum í grunnskólum. Í öðrum kafla er fjallað um kynin og stöðu kynjanna í heiminum.</p>	<p>Jafnrétti - Lýðræði</p>	<p>Námsefni</p>
<p>Á ferð um samfélagið</p>	<p>Kennslubók í þjóðfélagsfræði sem kemur nokkuð oft inn á jafnrétti kynjanna ásamt öðrum samfélagstengdum viðfangsefnum og nokkrum sinnum er fjallað um samkynhneigð og hinsegin réttindi í þessari bók.</p>	<p>Jafnrétti - Samfélagið - Hinsegin</p>	<p>Námsefni</p>
<p>Karlmennska og kvenleiki</p>	<p>Kennsluhugmynd um hvernig hægt sé að skoða áhrif karlmennskuímynda og kvenleika á hegðun ungmenna í ákveðnum aðstæðum</p>	<p>Kvenleiki - Karlmennska - Staðalímyndir - Félagsmótun</p>	<p>Verkefni</p>
<p>Frá mínum sjónarhól</p>	<p>Verkefni um kynjajafnrétti og tengingu við sjálfbærni út frá Heimsmarkmiðunum.</p>	<p>Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir - Kynjamyndir</p>	<p>Verkefni</p>
<p>Tilfinninga- og vináttuverkefni</p>	<p>Amicos non ficta er tilfinninga- og vináttuverkefni sem er þróað af Þórði Jörundssyni til að efla stráka í að skilja og tjá sig um tilfinningar sínar á sama tíma og þeir hanna og skapa ýmsa hluti</p>	<p>Kynheilbrigði - Jafnrétti - Samskipti - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Staðalímyndir</p>	<p>Verkefni</p>
<p>Verkefni í kynjafræði</p>	<p>Verkefni til að vekja fólk til umhúsunar á markaðssetningu á stelpu og stráka dóti.</p>	<p>Jafnrétti - Staðalímyndir</p>	<p>Verkefni</p>
<p>Leiðin til "Jafnréttisland s"</p>	<p>Verkefni tekið úr Kompás sem er handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Eitt af markmiðum verkefnisins er</p>	<p>Jafnrétti - Mismunun - Kynjafræðsla</p>	<p>Verkefni</p>

	að skapa skilning og viðurkenningu á jafnrétti kynjanna.		
Kvenhetjur og karlhetjur	Verkefni tekið úr Kompás sem er handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Markmið verkefnisins er m.a. að greina á gagnrýnan hátt mikilvægi karl- og kvenhetja sem fyrirmýnda.	Jafnrétti - Mismunun - Kynjafræðsla	Verkefni
Vinna og börn	Verkefni tekið úr Kompás sem er handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Verkefnið tekur á mismunun kvenna á vinnustað en markmiðið er meðal annars að auka skilning þátttakenda á mismunun og stuðla að jafnrétti og réttlæti.	Jafnrétti - Mismunun - Kynjafræðsla	Verkefni
Eiginleika-æfing	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið fær nemendur til þess að skoða þeirra hugmyndir og samfélagsins um kynin.	Jafnrétti - Karlmennska - Kynhlutverk - Kvenleiki	Verkefni
Meðal-maðurinn	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið fær nemendur til þess að skoða þeirra hugmyndir og samfélagsins um karlmennsku.	Jafnrétti - Karlmennska - Kynhlutverk	Verkefni
Kynin í fréttum	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að æfa kynjagleraugin á alvöru fréttum og greinum.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir	Verkefni
Kynin í fjölmiðlum	Verkefni með góðum leiðbeiningum inná síðunni Include gender. Verkefnið gefur nemendum tækifæri til að æfa kynjagleraugin á alvöru myndum og texta úr fjölmiðlum.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir	Verkefni
Break the norm	Safn efnis og verkefna sem tengist staðalímyndum með áherslu á að brjóta upp gagnkynhneigðaviðmiðið.	Jafnrétti - Hinsegin - Staðalímyndir	Verkefni
Heimilis-ofbeldi	Verkefni tekið úr Kompás sem er handbók um mannréttindi fyrir ungt fólk. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að efla samhug og kjark til að taka afstöðu gegn heimilisofbeldi.	Jafnrétti - Mismunun - Kynjafræðsla - Ofbeldi	Verkefni
Táknkerfi kynjanna	Spurningar úr heimildamyndinni "Codes of gender" og tenglar á myndina í þremur hlutum. Hægt að nota þetta efni í kynjafræðslu.	Jafnrétti - staðalímyndir - Kynhlutverk	Verkefni

Femínísk verkefni	Spurningar um femínisma sem hægt er að nýta í kynjafræðslu.	Jafnrétti - Femínismi	Verkefni
Ígrundun um hinsegin og karlmennskuna	Nokkrar spurningar til að koma af stað umræðum um hinsegin málefni og karlmennskuna. Hægt að nota í kennslu í kynja- og hinseginfræði	Jafnrétti - Hinsegin - Karlmennskan	Verkefni
Kvenska, staðalmyndir og hugtök	Verkefni sem fær nemendur til að skoða kvenpersónur út frá ákveðnum femínískum hugtökum.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Verkefni
Miss representation	Verkefni úr 40 mínútna heimildarmynd um hvernig fjallað er um konur í bandarískum fjölmiðlum og auglýsingum. Góð heimildarmynd til þess að átta sig á mismunandi skilaboðum sem send eru til kynjanna. Gott að hafa í huga að þessi mynd er frá 2011 og margt breyst í samfélagsmiðlanotkun síðan þá. Myndin á engu að síður vel við í nútímanum.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Mismunun	Verkefni
Vinnu- markaðurinn og stjórnsmál	Þrjú verkefni í kynjafræði sem tengjast vinnu- og stjórnmálum. Verkefni eru þannig að það fylgja tenglar með hverju verkefni þar sem nemandinn þarf að lesa sér til og svara svo spurningu og rökstyðja mál sitt.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Verkefni
Staðan í heiminum 2019	Staðan í heiminum 2019 og nokkrar ástæður fyrir því hvers vegna þurfum við alþjóðlegan baráttudag kvenna	Jafnréttindi - Femínismi	Fræðsla
Kven- frumkvöðlar	Listi yfir 12 hluti sem konur fundu upp sem ekki margir vita að það voru konur sem fundu þá upp	Jafnrétti - Kynhlutverk	Fræðsla
Karlmennskan	Vefsíða sem Þorsteinn V. Einarsson heldur úti um hinar ýmsu hliðar karlmennskunnar og hvaða áhrif hún getur haft á okkur öll.	Jafnrétti - Karlmennska - Kynhlutverk - Samskipti - Kynjafræði	Vefsíða
Verkfærakista jafnréttisnefndar	Vefsíða með verkfærum fyrir jafnréttis og kynjafræðslu sem er skipt eftir skólastigum.	Jafnrétti - Kynjafræðsla	Vefsíða
Konur og stjórnsmál	Heimasíða þar sem má finna ýmislegt um kvennabaráttu og um sögu kosningaréttar íslenskra kvenna.	Jafnrétti - Kvennasaga - Feminismi	Vefsíða

Konur í afþreyingarefni og fjölmiðlum	Heimasíða með allskyns efni tengt hlutfalli kvenna í afþreyingarefni og hlutverkum sem þær eru oftast sýndar í.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Fyrirmyndir	Vefsíða
Íslandsdætur	Bók um sögu rúmlega fjörutíu framúrskarandi kvenna sem spanna tímann allt frá upphafi byggðar á Íslandi til dagsins í dag.	Jafnrétti - Kvennasaga - Fyrirmynd - Kynhlutverk - Feminismi	Bók
Fávitar	Bók eftir aktivistann Sólborgu Guðmundsdóttur. Átakið gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi hófst á Instagram og er nú komið í bókarform.	Jafnrétti – Feminismi – Aktívismi – Kynferðis- ofbeldii	Bók
Sex is a funny word	Bók á ensku um kynlíf og allt sem því viðkemur. Talað um kynlíf á opinn hátt sem er ekki útilokandi.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalímyndir - Kynfræðsla	Bók
Ungfrú Ísland	Skáldsaga eftir Auði Övu. Hægt að nota hana í bæði kynja- og hinseginfræðslu t.d. með því að semja spurningar úr henni eða taka umræður útfrá því sem í henni stendur	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
I'm beautiful	Stuttmynd um samfélagslegan þrýsting á konur að líta út á ákveðin hátt	Kvenleiki - Útlit - Staðalímyndir	Kveikja / Myndband
Hvað finnst börnum um kynbundinn launamun?	Stutt en áhrifaríkt myndband um viðbrögð barna við kynbundnum launamun.	Jafnrétti - Samskipti - Sjálfsmynd - Staðalímyndir - Hlutverk kynjanna	Kveikja / Myndband
Kynbundinn launamunur	Stutt myndband um launamun kynjanna. Myndbandið er stutt og fyndið þó boðskapurinn sé alvarlegur.	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir - Kynfræðsla - Kynjafræði	Kveikja / Myndband
Kynlífsvæðing kvenna í fjölmiðlum	Stutt myndband á ensku þar sem tekið er fyrir hvernig mynd fjölmiðlar draga upp af konum.	Jafnrétti - Kynheilbrigði - Líkamsvirðing - Samskipti - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Staðalímyndir	Kveikja / Myndband

Hlutfall kvenna í barnabókum	Stutt myndband sem sýnir stöðu kynjanna í barnabókum og hvað kvennkyns persónur gegna oft einsleitum hlutverkum á meðan karlkynspersónur eru fjölbreyttari og stýra oft gangi sögunnar.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
Ef Öskubuska væri strákur	Stutt myndband sem sýnir söguna af Öskubusku ef hún væri karl. Hægt að nota sem kveikju að umræðu um hlutverk kynjanna og staðalímyndir.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk	Kveikja / Myndband
The mask you live in	Trailer af Heimildarmyndinni the mask you live in sem fjallar um skaðlega karlemennsku. Hægt að nýta sem kveikju að umræðum um karlemennsku.	Jafnrétti - Karlemennska - Staðalímynd	Kveikja / Myndband
Disney út frá kynjafræði	Stutt myndband á íslensku um Disney myndir og kynjaðar steríótýpur. Frábært að nota sem kveikju að verkefni eða umræðum um staðalmyndir kynjanna og hvaða áhrif þær hafa.	Jafnrétti - Karlemennska - Staðalímyndir	Kveikja / Myndband
Not my responsibility	Stutt myndband með Billie Eilish þar sem hún fjallar um pressuna á líkama og útlit kvenna. Sama hvernig líkama þær hafa þá séu þær alltaf dæmdar.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynhlutverk - Líkamsvirðing	Kveikja / Myndband
Miss representation	40 mínútna heimildarmynd um hvernig fjallað er um konur í bandarískum fjölmiðlum og auglýsingum. Góð heimildarmynd til þess að átta sig á mismunandi skilaboðum sem send eru til kynjanna. Gott að hafa í huga að þessi mynd er frá 2011 og margt breyst í samfélagsmiðlanotkun síðan þá. Myndin á engu að síður vel við í nútímanum.	Jafnrétti - Kynhlutverk - Staðalímyndir - Mismunun	Myndband
Hinn kynjaði heili	Prófessor Gina Rippon ræðir um áhrif umhverfis og uppeldis á þróun heilans og svarar ýmsum mýtum um karlaheila og kvennaheila.	Kynheilbrigði - Forvarnir - Jafnrétti - Styrkleikar - Sjálfsmynd - Líkamsvirðing	Myndband
Hvers vegna ekki?	Sjónvarpsþættir sem taka á kynjuðum staðalmyndum og mismunun á kómískan hátt. Þættirnir eru afrakstur verkefnis sem Jafnréttisstofa vann í samstarfi við jafnréttisstofnanir í Eistlandi og Litháen um afnám kynjaðra staðalmynda í tengslum við náms- og	Jafnrétti - Staðalímyndir - Kynjahlutverk - Starfsval	Myndband

	starfsval. Einnig hægt að nálgast leiðbeiningar fyrir kennara og starfsráðgjafa.		
We should all be feminists	Ted talk sem Chimamanda Ngozi Adichie hélt. Hún talar um staðalímyndir kynjanna og hvetur öll til að vera feminista. Beyonce notaði brot úr þessu erindi í lagi sínu Flawless.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Feminismi	Myndband
Strympu heilkennið	Stutt myndband á ensku sem fjallar um strympu heilkennið eða the smurfette principle. Með því er átt við að mjög oft í myndum og þáttum eru aðalleikararnir karlkyns nema það er ein kona sem fær að vera með.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Feminismi - Kynhlutverk	Myndband
Sexism	Stutt myndband um kynjaójafnrétti og áhrif þess á fólk.	Jafnrétti - Kynhlutverk	Myndband
The sexy lie	Fyrirlestur sem fjallar um hvernig konur birtast ólíkt körlum í auglýsingum og á öðrum miðlum og áhrif þess á líðan og sjálfsmynd kvenna	Jafnrétti - Staðalímyndir	Myndband
Hlutgerving kvenna	Stutt myndband á ensku um hvernig konur eru hlutgerðar í auglýsingum og á öðrum miðlum og hvaða áhrif það hefur á menningu, tækifæri og líðan kvenna	Jafnrétti - Staðalímyndir	Myndband
Elsku stelpur	Skrekksatriði Hagaskóla sem sigraði árið 2015. Áhrifaríkt atriði sem hvetur stelpur til að berjast fyrir jöfnum tækifærum og sömu virðingu og strákar fá.	Jafnrétti - Kvinnabaráttan	Myndband
Ákall til karla	Stutt Ted talk með Tony Porter þar sem hann fjallar um muninn á því hvernig augum við lítum á kynin. Hann talar um það hvernig menning okkar ýtir undir skaðlega karlmennsku.	Jafnrétti - Staðalímyndir - Karlmennska	Myndband
Kynbundið ofbeldi	Fyrirlestur sem fjallar um kynbundið ofbeldi, orðræðuna í kringum það og hvernig menn þurfa að axla ábyrgð og taka þátt í baráttunni gegn því.	Jafnrétti - Kynbundið ofbeldi	Myndband
Endum giftingar barna	Stutt myndband á ensku til að vekja athygli á því vandamáli sem giftingar barna eru í heiminum. Einnig er talað um hvaða áhrif það getur haft bæði á stelpurnar sem giftast alltof ungar en einnig á samfélögin sem þær tilheyra.	Jafnrétti - Mannréttindi	Myndband

Jafnréttisfræðsla verður líka að vera á forsendum karla	Innslag úr Kastljósi frá því 2016 um þátttöku og hlutverk karla í kynjajafnrétti.	Jafnrétti - Karlmennska - Staðalímyndir	Myndband
Moxie	Mynd sem hægt er að nálgast á Netflix um unga stelpu og hennar feminíska ferðalag en hún fer að gefa út feminískt tímarit og benda á ójafnrétti kynjanna í skólanum sínum. Skemmtileg mynd sem hægt er að nýta á margvíslegan hátt	Jafnrétti – Jafnréttis- barátta - Feminismi	Bíómynd
Allskyns	Í hlaðvarpinu Allskyns skoða Guðmundur Felixson og Hafdís Helga Helgadóttir allskyns störf, skoða hvers kyns þau eru og hvort kyn skipti þar einhverju máli.	Jafnrétti - Feminismi - Kynjajafnrétti - Kynhlutverk	Hlaðvarp
Lagatextar	Skiptið nemendum í hópa og biðjið þau að greina skilaboðin í textunum. Hverjar eru birtingarmyndir karlmennsku, kvenleika, gagnkynhneigðar eða hinseginmálefna. Hver eru hlutverk kynjanna? Hvernig er fjallað um ást? En kynlíf? Hvað finnst hópnum um boðskapinn/textann og af hverju?	Kvenleiki - Karlmennska - Hlutverk kynjanna - Félagsmótun	Lagatextar
Greining á lagatextum	Þrjár útfærslur að vinnu með lagatexta og tónlistarmyndbönd.	Hlutverk kynjanna - Félagsmótun - Tilfinningar - Samskipti - Kynlíf	Lagatextar
Jarðeigandinn Valgerður	Stutt grein sem fjallar um Valgerði og sögu kvenna á Íslandi og skort á umfjöllun um íslenskar konur í sögu kennslufni.	Jafnrétti - Kvennasaga	Grein

Tafla 8

Námsefni í hinseginfræði fyrir 8-10 bekk

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Rokk og róttækni	Æskulýðsróttæknin leiddi af sér frjálsslyndara samfélag sem kom meðal annars fram í auknum réttindum kvenna og samkynhneigðra.	Jafnrétti - Hinsegin - Aktívismi	Námsefni
Huldukonur í sögunni	Námsefni sem fjallar um hinsegin konur og hinseginleika í Íslandssögunni.	Jafnrétti - Mannréttindi - Staðalímyndir -	Námsefni

		Hinsegin - Hinsegin saga - Kynjasaga - Kynjafræði	
Á ferð um samfélagið	Kennslubók í þjóðfélagsfræði sem kemur nokkuð oft inn á jafnrétti kynjanna ásamt öðrum samfélagstengdum viðfangsefnum og nokkrum sinnum er fjallað um samkynhneigð og hinsegin réttindi í þessari bók.	Jafnrétti - Samfélagið - Hinsegin	Námsefni
Kynhyrningurinn	Verkfæri til að kenna börnum um muninn á kynvitund, kyntjáningu og hverjum fólk laðast að.	Kynfræðsla - Hinsegin	Verkefni
Hinsegin verkefni	Nokkur skemmtileg og gagnleg verkefni sem tengjast hinseginleikanum.	Jafnrétti - Hinsegin	Verkefni
Ígrundun um hinsegin og karlmenskuna	Nokkrar spurningar til að koma af stað umræðum um hinsegin málefni og karlmenskuna. Hægt að nota í kennslu í kynja- og hinseginfræði	Jafnrétti - Hinsegin - Karlmennskan	Verkefni
Hvað er hinsegin?	Upplýsingabæklingur og plakat á íslensku og ensku	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Fræðsla
Co to jest Queer?	Upplýsingabæklingur og plakat á pólsku um hvað það er að vera hinsegin.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Fræðsla
Hinsegin frá Ö til A	Vefsíða um allt sem tengist hinsegin málefnum. Hægt að fletta upp orðum og hugtökum og fá útskýringar á merkingu þeirra.	Jafnrétti - Mannréttindi - Sjálfsmynd - Staðalmyndir - Hinsegin - Trans	Vefsíða
Sambönd og kynlíf	Á vefnum Áttavitinn, sem er fyrir ungt fólk, er yfirflokkur sem fjallar um kynlíf, kynhneigð, samskipti og sambönd.	Kynheilbrigði - Kynfræðsla - Jafnrétti - Samskipti - Líkamsvirðing - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Hinsegin	Vefsíða
Svona fólk	Heimasíða með viðtölum við hinsegin fólk um hinsegin málefni. Á henni er einnig hægt að nálgast heimildarmyndirnar Svona fólk, Fjaðrafok og Pride.	Jafnrétti - Hinsegin	Vefsíða

Sex is a funny word	Bók á ensku um kynlíf og allt sem því viðkemur. Talað um kynlíf á opinn hátt sem er ekki útilokandi.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Staðalmyndir - Kynfræðsla	Bók
Ungfrú Ísland	Skáldsaga eftir Auði Övu. Hægt að nota hana í bæði kynja- og hinseginfræðslu t.d. með því að semja spurningar úr henni eða taka umræður út frá því sem í henni stendur	Jafnrétti - Hinsegin	Bók
Teiknimyndir með hinsegin ívafi	Þrjár stuttar teiknimyndir með hinsegin söguhetjum. Myndirnar geta verið kveikjur að umræðum um hinsegin málefni, tilfinningar og ást.	Jafnrétti - Kynheilbrigði - Mannréttindi - Sjálfsmynd - Staðalmyndir	Kveikja / Myndband
Trans börn - fyrsti þáttur	Þættirnir gefa innsýn í það hvernig það er fyrir þau að taka stórar og afdrifaríkar ákvarðanir um framtíð sína á táningsaldri. Fjölskyldurnar opna sig upp á gátt í þáttunum. Þau lýsa því hvenær fyrstu merkin fóru að sjást um að börnin upplifðu sig í öðru kyni en því sem þeim var úthlutað við fæðingu.	Jafnrétti - Trans - Hinsegin	Myndband
Það sem á ekki að segja við fólk sem er trans	Stutt myndband frá BBC þar sem transfólk fjallar um hvernig það er að vera trans og þær spurningar sem það er að fá dags daglega.	Mannréttindi - Samskipti - Staðalmyndir - Hinsegin - Jafnrétti	Myndband
Hinseginleikinn	Þáttaröð um hinsegin fólk á Íslandi. Fjallað er um hinsegin fólk á Íslandi, baráttu þeirra og daglegt líf.	Hinsegin - Fjölbreytileiki - Jafnrétti - Trans - Mannréttindi - Samskipti - Staðalmyndir	Myndband
Alls kyns um kynferðismál	Í þessari teiknuðu stuttmynd er fjallað um ýmsar hliðar kynferðismála. Rætt er um hugtök eins og kyn, kynvitund, kynhneigð og kynlíf. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er höfundur myndarinnar.	Kynheilbrigði - Kynfræðsla - Jafnrétti - Samskipti - Sjálfstraust - Staðalmyndir - Líkamsvirðing - Hinsegin	Myndband
Greining á lagatextum	Þrjár útfærslur að vinnu með lagatexta og tónlistarmyndbönd.	Hlutverk kynjanna - Félagsmótun - Tilfinningar -	Lagatextar

		Samskipti - Kynlíf	
Lagatextar	Skiptið nemendum í hópa og biðjið þau að greina skilaboðin í textunum. Hverjar eru birtingarmyndir karlmennsku, kvenleika, gagnkynhneigðar eða hinseginmálefna. Hver eru hlutverk kynjanna? Hvernig er fjallað um ást? En kynlíf? Hvað finnst hópnum um boðskapinn/textann og af hverju?	Kvenleiki - Karlmennska - Hlutverk kynjanna - Félagsmótun - Hinsegin	Lagatextar
Kyn er allskonar	Falleg myndasaga um fjölbreytileikann	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Myndasaga

Kennarar og leiðbeinendur

Í þessum flokk má meðal annars finna fræðslu, gagnlegar heimasíður, allskyns skýrslur og gátlista. Gátlistarnir snúa að ýmsu sem viðkemur kynjajafnrétti og hinsegin réttindum. Vinna með gátlistana getur verið gagnleg fyrir skóla í innleiðingu á kennslufni fyrir kynja- og hinseginfræði samhliða öðru kennslu efni. Könnun sem gerð var á líðan hinsegin ungmenna í skólum sýndi fram á að þar sem menning er hinseginvæn og hvernig umræðan um hinsegin málefni eru innan skóla hefur mikil áhrif á líðan hinsegin nemenda (Samtökin '78, 2020). Nota má gátlista og fræðslufni til að bæta stöðu þessara mála og hér á eftir er yfirlit yfir gátlista og fróðleik sem getur nýst vel í þessum tilgangi.

Tafla 9

Efni fyrir kennara og leiðbeinendur í kynja- og hinseginfræðum

Titill	Lýsing	Efni	Tegund
Karlmennska og jafnréttis- uppeldi	Bók um birtingarmyndir karlmenskunnar og áhrif hennar. Aftast í bókinni er hægt að nálgast kennsluverkefni.	Jafnrétti - Kynjafræði - Karlmennska - Kynhlutverk	Námsefni
Skólakönnun	Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi. GLSEN, Menntavísindasvið HÍ og samtökin '78 stóðu fyrir þessari könnun.	Jafnrétti - Hinsegin	Fræðsla
Staðalmyndir	Ýmsir punktar sem gott getur verið fyrir kennara að hafa í huga varðandi staðalmyndir og hvernig vinna má gegn þeim í kennslustundum/kennslustofunni	Forvarnir - Jafnrétti - Mannréttindi - Sjálfsmynd - Staðalmyndir	Fræðsla

Teaching tolerance	Tímarit fyrir kennara á PDF sem fjallar um umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileikanum	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Fræðsla
Ég á tvær mömmur og engan pabba	Lokaverkefni sem tekur fyrir hvernig leikskólar geta unnið að fræðslu um ólíkar fjölskyldugerðir. Verkefnið inniheldur nám og kennsluáætlun fyrir leikskóla	Jafnrétti - Hinsegin - Lokaverkefni	Fræðsla
Jafnrétti kynjanna	Kafla úr mannréttinda handbókinni Kompás sem fjallar um jafnrétti kynjanna. Góður grunnur að fara yfir áður en verkefni úr handbókinni eru unnin.	Jafnrétti - Kynjafræði	Fræðsla
Kynjuð leikföng	Fræðsla um muninn á kröfunum til barna eftir því hvort þau fæðist í bleika eða bláa boxið	Jafnrétti - Karlmennska - Kvenleiki - Kynhlutverk - Staðalmyndir	Fræðsla
Jafnrétti kynjanna	Kafla um jafnrétti kynjanna úr mannréttindamenntunar bókinni Kompás fyrir börn. Bókin er hugsuð fyrir börn í 1-8 bekk.	Jafnrétti - Staðalmyndir - Mismunun - Kynjafræði	Fræðsla
Hvernig á að búa til hinseginvæna námskrá?	Hér er skjal búið til af samtökunum Stonewall sem inniheldur fræðslu um það hvernig megi búa til hinseginvæna námskrá	Jafnrétti - Hinsegin	Fræðsla
Hvernig má samþætta hinseginfræði inn í námsefni	Hér er skjal búið til af samtökunum Stonewall sem inniheldur fræðslu um það hvernig megi samþætta hinseginfræði inn í námsgreinar.	Jafnrétti - Hinsegin	Fræðsla
Trans börn og skólar	Heimasíða fyrir skólafólki og skóla sem vilja verða transvænir og/eða skóla sem eru með trans börn og vilja vanda sig og styðja barnið í því ferli.	Hinsegin - Forvarnir - Jafnrétti - Kynheilbrigði - Líkamsvirðing - Mannréttindi - Samskipti - Sjálfmynd - Sjálfstraust - Staðalmyndir	Vefsíða
Hinsegin börn og skólar	Það eru hinsegin börn í öllum skólum. Það skiptir máli að öll börn upplifi öryggi og vellíðan og séu laus undan fordómum í skólanum sínum. Heimasíða með ýmsum leiðum sem	Kynfræðsla - Hinsegin - Forvarnir - Jafnrétti - Kynheilbrigði - Líkamsvirðing	Vefsíða

	nýtast skólum til að verða hinseginvænir.	- Mannréttindi - Samskipti - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Staðalímyndir	
Agenda	Vefsíða með allskonar fræðslu og verkefnum um kynjajafnrétti og sambandsfræðslu. Mikið af fjölbreyttu og gagnlegu efni er hægt að finna á þessari síðu.	Jafnrétti - Kynjafraði - Sambönd	Vefsíða
Trans barnið	Bókin leiðir fjölskyldur og fagfólk í gegnum mörg grundvallaratriði fræðanna og áleiðis inn í ferðalagið sem fylgir því að eiga og ala upp trans barn eða barn með ódæmigerða kyntjáningu	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Bók
Jafnrétti	Fjallað um jafnréttismenntun á öllum skólastigum og hvernig skapa má tækifæri í skólastarfi fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda umburðarlyndis og jafnréttis.	Jafnrétti - Samskipti - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Staðalímyndir	Bók
Reiðir drengir á netinu	Christian Vorre Mogensen, sérfræðingur hjá Center for Digital Youth care í kaupmannahöfn fjallar um hvernig og hvers vegna drengjum og ungum mönnum hættir til að sækja í einangruð samfélög á netinu	Kynheilbrigði - Forvarnir - Jafnrétti - Styrkleikar - Sjálfsmynd - Klám - Líkamsvirðing	Myndband
Barnabækur og kyn	Grein um kynin í barnabókum sem ber heitið "Strákar gera en stelpur eru: Kynjaskipting og markaðssetning eftir kyni í útgáfu barnabóka"	Jafnrétti - Félagsmótun - Kynhlutverk - Staðalímyndir	Grein
Nú skal segja	Skýrsla um þróunarverkefni sem unnið var í leikskólanum Geislabaug og snerist um kynjajafnrétti í leikskólastarfi.	Jafnrétti - Mannréttindi - Samvinna - Sjálfsmynd - Sjálfsstraust - Staðalímyndir	Skýrsla
Hlutfall kvenna í námsefni í sögu	Rannsókn var gerð á hlutdeild kynjanna í námsedni í sögu á miðstigi. Niðurstöður sýna að það hallar verulega á konur.	Jafnrétti - Kvennasaga - Rannsókn	Skýrsla
Gátlistar um kynjajafnrétti	Gátlisti til að skoða stöðu kynjajafnréttis. Nýtist vel fyrir starfsfólk til að ræða og íhuga hversu vel er gætt að margbreytileika og jafnrétti á starfsstaðnum.	Jafnrétti - Gátlisti - Kynjajafnrétti - Forvarnir - Mannréttindi -	Gátlisti

		Samskipti - Sjálfsmynd - Staðalmyndir - Styrkleikar	
Gátlisti um jafnrétti	Gátlisti til að skoða stöðu jafnréttis á leikskólum. Nýtast vel fyrir starfsfólk til að ræða og íhuga hversu vel er gætt að margbreytileika og jafnrétti á starfsstaðnum.	Jafnrétti - Gátlisti	Gátlisti
Gátlisti um jafnrétti	Gátlisti til að skoða stöðu jafnréttis í grunnskólum. Nýtast vel fyrir starfsfólk til að ræða og íhuga hversu vel er gætt að margbreytileika og jafnrétti á starfsstaðnum.	Jafnrétti - Gátlisti	Gátlisti
Gátlisti - Hinsegin	Gátlisti fyrir skóla til að verða hinseginvænir	Jafnrétti - Hinsegin - Gátlisti	Gátlisti
Gátlisti fyrir grunnskóla	Gátlisti fyrir grunnskóla þar sem er trans barn	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Gátlisti fyrir grunnskóla	Gátlisti fyrir grunnskóla til að verða trans-vænir	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Gátlisti fyrir leikskóla	Gátlisti fyrir leikskóla þar sem er trans barn	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Gátlisti fyrir leikskóla	Gátlisti fyrir leikskóla til að verða trans-vænir	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Stuðningsáætlun fyrir grunnskóla	"Stuðningsáætlun fyrir trans nemendur og nemendur með ódæmigerða kyntjáningu"	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Leiðbeiningar fyrir starfsfólk	Nytsamlegur bæklingur á íslensku og ensku, tengdur íþróttamannvirkjum. Leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við spurningum um trans fólk í kyngreindum rýmum.	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Stuðningsáætlun	Stuðningsáætlun á ensku fyrir skóla, forráðamenn og trans nemendur	Jafnrétti - Hinsegin - Trans	Gátlisti
Trans börn og íþróttir	Bæklingur gefinn út af Íþróttá- og ólympíusambandi Íslands árið 2020	Jafnrétti - Hinsegin - Trans - Íþróttir	Gátlisti

Hvað er verið að gera vel í öðrum löndum?

Eitt af markmiðum þessa verkefnis var að líta til þess hvað nágrennalönd okkar hafa gert vel í þessum efnum sem er mögulega hægt að nýta hér á landi. Í töflunni hér á eftir eru listaðar upp nokkrar fjölbreyttar erlendar vefsíður sem taka allar, hver á sinn hátt, vel á kynja- og/eða hinseginfræðslu. Þessar síður geta reynst hjálplegar í leit að efni á sviði kynja og hinsegin málefna.

Tafla 10

Nokkrar erlendar vefsíður

Vefsíða	Um vefsíðuna
<u>Welcoming schools</u>	Bandarískt verkefni sem ber heitið Welcoming schools heldur úti vefsíðu með fjölbreyttu efni fyrir skóla til að verða hinsegin vænni. Þar má meðal annars finna kennsluleiðbeiningar með hinum ýmsu bókum sem og aðferðir fyrir skóla um það hvernig hægt er að gera menningu innan skóla þannig að öllum líði vel og öruggum. Á síðunni er einnig boðið uppá aðferðir til að svara spurningum frá nemendum sem tengjast á einhvern hátt hinsegin samfélaginu.
<u>Include gender</u>	Inná þessari vefsíðu má finna myndbönd og verkefni sem nýta má í kynjafræðslu.
<u>Lifting limits</u>	We provide educators with the skills and resources to recognise and correct gender bias that can go unnoticed in schools and to support pupils in challenging gender inequalities in the wider world
<u>Youmo</u>	Vefsíða um kynheilbrigði. Frábær sænskur fræðsluvefur um allt mögulegt sem tengist kynheilbrigði og unglingsárunum. Þessi síða er á sex tungumálum og geymir glærur, myndbönd, greinar og ýmislegt gagnlegt til að nota í kennslu.

<u>Agenda</u>	Vefsíða með allskonar fræðslu og verkefnum um kynjajafnrétti og sambandsfræðslu. Mikið af fjölbreyttu og gagnlegu efni er að finna á þessari síðu.
<u>Spark Movement</u>	Frábær vefsíða með kynja og kynfræðslu.
<u>Glæn</u>	Samtök um réttindi hinsegin nemenda.

Umræður og niðurstöður

Tilgangur þessa verkefnis var að kanna framboð hér á landi á kennsluefni á sviði kynja- og hinseginfræða fyrir leik- og grunnskóla. Rýna í hvaða efni er mögulegt að nýta í kennslu, hvað nágrannalöndin hafa gert vel á þessum sviðum og hvað þurfi að gera hér á landi til að bæta og tryggja að nemendur fái heildstæða og góða kynja- og hinseginfræðslu sem kennarar geta innleitt með öruggum og einföldum hætti. Mikilvægt er að allir kennarar í öllum fögum hafi góða þekkingu á þessum fræðum til þess að geta skoðað með gagnrýnum huga bæði kennsluefni og kennsluaðferðir og komið auga á hvernig best sé að nálgast það með jafnrétti að leiðarljósi. Til þess að það verði þurfa kennaranemar að fá góða og markvissa fræðslu um hinsegin málefni og um málefni kynjanna í sínu námi. Einnig þurfa tæki og tól að vera aðgengileg kennurum til þess að auðvelda þeim kennslu á þessum fræðum. Mikilvægt er að kennarar séu meðvituð um skaðlegar staðalímyndir og hvernig má brjóta þær upp. Einnig er mikilvægt að kennarar geti auðveldlega nálgast fræðslu á því hvernig best sé að bera sig að í bæði beinni og óbeinni kennslu á þessum málefnum.

Kynjafræðin og hinseginfræðin fléttast víða saman og kynfræðsla hefur einnig marga snertifleti við þessi fræði en hún var þó ekki sérstaklega tekin fyrir í þessu verkefni. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ef kynfræðsla á að skila góðum árangri þá þarf að hafa veruleika hinsegin fólks með í þeirri fræðslu. Það hefur þó ekki verið gert nægilega vel fram til þessa samkvæmt rannsókn Sólveigar Rósar Másdóttur (2015) sem ber heitið „Typpið mun finna þig“. Niðurstöður þeirrar rannsóknar leiddu í ljós að kynfræðsla í unglingadeildum í grunnskólum Reykjavíkur litaðist af gagnkynhneigðarhyggju. Ein af tillögum Sólveigar til úrbóta var að uppfæra

kennsluefni. Nú eru fimm ár liðin frá því að hún framkvæmdi sína rannsókn og eins og þetta verkefni sýnir einnig fram á er enn gríðarleg þörf á að bæta kennsluefni í hinseginfræðum.

Árið 2020 var gerð könnun á líðan hinsegin ungmenna sem sýndi að líðan þeirra er verri en annarra ungmenna (Samtökin '78, 2020). Niðurstöður sýndu einnig fram á mikilvægi þess að starfsfólk í skólum öðlist betri þekkingu á þessum málefnum. Einnig hversu mikilvægt það er fyrir líðan hinsegin ungmenna að menningin sé hinseginvæn og námsefnið sé það líka. Rannsóknin sýndi fram á að það er til mikils að vinna með því að bæta stöðuna en líkt og þetta verkefni hefur sýnt fram á þá er staðan alls ekki nógu góð.

Menntamálastofnun hefur það hlutverk að útvega það námsefni sem þarf til að kenna á grunnskólastigi. Þegar haft var samband við stofnunina með tölvupósti fengust þau svör að það efni sem hafi verið kennt sé orðið úrelt og að það sé afskaplega lítið til af efni um kynjafræði og hinseginfræði. Ábendingar stofnunarinnar um kennsluefni voru ein kennslubók í þjóðfélagsfræði sem heitir „Á ferð um samfélagið“ en hún kemur nokkuð oft inn á jafnrétti kynjanna ásamt öðrum samfélagstengdum viðfangsefnum og á nokkrum stöðum er fjallað um samkynhneigð í bókinni. Hún kemur þó einungis inn á samkynhneigð sem kemur heim og saman við niðurstöður Sólveigar Rósar (Sólveig Rós Másdóttir, 2015) að þegar þögnin er rofin og rætt um hinsegin málefni þá er það oftast bara umræða um samkynhneigða. Einnig var bent á 6 mínútna myndband sem kallast „Alls kyns um kynferðismál“. Svo var bent á bókina „Ég, þú og við öll“ sem er kennslubók fyrir miðstig sem inniheldur jafnréttisfræðslu í víðu samhengi. Þetta sýnir að efni fyrir kennara er ekki til staðar og staðan í þessum málum alls ekki nógu góð. Menntamálastofnun tók það þó fram að það væru verkefni í gangi og að það væri verið að reyna að gefa í námsefnisgerð í þessum málaflokkum.

Við vinnslu á þessu verkefni voru ýmis þróunarverkefni skoðuð og haft var samband við aðila sem tekið hafa þátt í slíkum verkefnum eða vinna á stöðum þar sem þróunarverkefni hafa verið gerð. Í ljós kom að mörg þróunarverkefni hafa verið sett af stað tengd þessum málaflokkum en til að þau skili tilætluðum árangri er mikilvægt að þeim sé markvisst fylgt eftir. Það er þó ekki alltaf raunin og sorglegt til þess að vita að góð og mikilvæg vinna rennur út í sandinn. Það er því mikilvægt að að þeim sé fylgt eftir með markvissum hætti og lagt sé upp með skilvirka verkferla til að vinna eftir. Ný rannsókn á leikskólum á Norðurlöndunum sýnir að jafnréttisstarf keyrir alltof mikið á einstaka eldhugum sem kemur heim og saman við niðurstöður þessa verkefnis (Norrænt samstarf, 7. september 2021). Mikil hætta er á því að þessir eldhugar brenni út vegna of

mikils álags og þar með getur þekking þeirra og reynsla horfið. Það er því áriðandi að virkja fleiri aðila í að taka ábyrgð á jafnréttismálum.

Niðurstöður þessa verkefnis sýna að það er knýjandi þörf á að auka og efla kynja- og hinseginfræðslu í leik- og grunnskólum. Lítið er um námsefni tileinkað þessum fræðum, sérstaklega fyrir yngstu nemendur. Kennarar þurfa sjálfir að finna upp hjólið og tileinka sér þekkingu á þessum sviðum til að geta kennt það sem þeim ber skylda samkvæmt lögum að kenna. Það vantar sárlega kennsluefni á öllum námstigum í þessum málaflokkum, sérstaklega fyrir leikskólabörn og börn á yngsta stigi og því mikilvægt að leita lausna og vinna að þeim lausnum með markvissum hætti sem allra fyrst.

Spurning er hvort sé vænlegra til árangurs að kenna kynjafræði og hinseginfræði í sér áfanga eða samþætta við aðrar námsgreinar. Þessi fræði er hægt er tengja við allar námsgreinar og því hægt að flétta þau inn í námsefni. Það þarf þó að vera skipulagt og sett upp sem hluti af námsefninu en ekki láta það vera á ábyrgð hvers og eins kennara að leita uppi viðeigandi námsefni sem hægt er að samþætta fyrir hverja námsgrein fyrir sig. Mögulega er besta lausnin að blanda þessum leiðum saman og gera bæði.

Lögum samkvæmt ber leik- og grunnskólum landsins skylda til þess að sinna þessari fræðslu. Mikilvægt er að skólar og aðrar stofnanir skólamála axli ábyrgð í þessum málum. Ávinningur af því að kenna þessi fræði í skólakerfinu eru mikil fyrir samfélag okkar. Þar er möguleiki að móta viðhorf ungs fólks út frá jafnréttissjónarmiðum. Með aukinni fræðslu er hægt að skapa réttlátara samfélag þar sem fjölbreytileikinn fær að njóta sín. Það er því til mikils að vinna að ala upp kynslóðir af fólki sem láta jafnréttisbaráttu sig varða.

Tillögur til úrbóta:

- Reykjavíkurborg gæti staðið fyrir því að fara með fræðslu fyrir alla kennara og stjórnendur í leik- og grunnskólum í borginni um mikilvægi þess að kenna þessi fræði á öllum námsstigum. Hægt er að nota þetta verkefni svo að kennarar gætu hafist handa nú þegar og notað þetta verkefni til að finna efni sem mögulegt er að nýta til kennslu á þessum fræðum fyrir þann aldurshóp nemenda sem þau kenna.
- Reykjavíkurborg gæti tekið saman það efni sem til er nú þegar og hægt er að nota í kennslu í þessum fræðum. Sett það fram á skýran hátt, skipt eftir námsgreinum, svo auðvelt væri fyrir kennara að samþætta þessi fræði í kennslu hjá sér. Mikilvægt er að kennsluefnið sé skýrt og auðvelt í notkun svo að hvaða kennari

sem er geti með einföldum hætti nýtt sér efnið og komið því vel til skila. Hægt væri að skoða hvernig *Stonewall*, samtök hinsegin fólks í Bretlandi, hafa gert þetta. Hægt er að nálgast hlekk á þeirra útfærslu í þessu verkefni í kaflanum fyrir kennara og leiðbeinendur undir heitinu *Hvernig má samþætta hinseginfræði inn í námsefni*.

- Skyldunámskeið í kynja- og hinseginfræði fyrir kennaranema. Kennarar þurfa að búa yfir grunn þekkingu í þessum málaflokkum, það er nauðsynlegt sé ætlunin virkilega að fylgja eftir lögum landsins og aðalnámskrá.
- Nýtt námsefni. Skrifu og gefa út námsbók í þessum fræðum sem er skipt upp eftir mismunandi námsgreinum. Námsbókin gæti innihaldið verkefni og kennsluleiðbeiningar fyrir kennara svo að þau geti með einföldum hætti tengt þessi fræði við sína námsgrein. Sniðugt væri að skipta bókinni einnig eftir aldurshópum eins og gert er í þessu verkefni.

Heimildir

- Bradlow, J., Bartram, J., Guasp, A., og Jadva, V. (2017). *School Report: The experiences of lesbian, gay, bi and trans young people in Britain's schools in 2017*. Stonewall. <https://www.stonewall.org.uk/resources/school-report-2017>
- Eygló Árnadóttir. (2009). *Ekki benda á mig! Um framkvæmd laga um jafnréttisfræðslu í grunnskólum* [meistararitgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/3593>
- Gower, A., Forster, M., Gloppen, K., Johnson, A., Eisenberg, M., og Connett, J. og Borowsky, I. (2017). School Practices to Foster LGBT-Supportive Climate: Associations with Adolescent Bullying Involvement. *Prevention Science, 19*. <https://doi:10.1007/s11121-017-0847-4>
- Guasp, A., Ellison, G. og Satara, T. (2014). *The Teachers' Report: Homophobic Bullying In Britain's Schools in 2014*. Stonewall. <https://www.stonewall.org.uk/resources/teachers-report-2014-0>
- Guðný S. Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2017). Hvernig er tekið á fræðslu um kynjajafnrétti í skólum?: Athugun á viðhorfum, þekkingu og áhuga skólastjóra þriggja skólastiga. *Netla, 2017*. <https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/612/17.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Jón Ingvar Kjarran og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2013). „Hvað er svona merkilegt við það að vera karlmaður?“. Hinsegin karlmennska og viðhorf ungra íslenskra hinsegin karla. *Þjóðarspejillinn XIV: Rannsóknir í félagsvísindum - Stjórn málafræðideild*. <http://hdl.handle.net/1946/16792>
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir. (2015). „Strákar geta haft svo mikil völd“: *Upplifun stúlkna á kynlífsmenningu framhaldsskólanema* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://skemman.is/bitstream/1946/20934/1/Ritger%c3%b0in%20pdf.pdf>
- Kosciw, J.G., Greytak, E.A., Zongrone, A.D., Clark, C.M., Truong, N.L. (2017). *The 2017 National School Climate Survey: The Experiences of Lesbian, Gay, Bisexual, Transgender, and Queer Youth in Our Nation's Schools*. GLSEN. <https://www.glsen.org/sites/default/files/2019-10/GLSEN-2017-National-School-Climate-Survey-NSCS-Full-Report.pdf>

- Kristey Lilja Valgeirsdóttir. (2021). *Kynjajafnréttisfræðsla : greinargerð um námsefnið Kynjajafnréttisfræðsla : námsefni fyrir miðstig grunnskóla*. [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/39544>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150. (2020).
<https://www.althingi.is/altext/151/s/0676.html>
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar. (2016). Borgarstjórn.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/mannrettindastefna_reykjavikurborgar_0.pdf
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>
- Menntastefna Reykjavíkurborgar. (2019). Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundarsvið.
https://menntastefna.is/wp-content/uploads/2019/08/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf
- Norrænt samstarf. (7. september 2021). „Jafnréttisstarf á forskólastigi á allt of mikið undir einstaka eldhugum“. Norden. <https://www.norden.org/is/news/jafnrattisstarf-forskolastigi-allt-mikid-undir-einstaka-eldhugum>
- Peter, T., Taylor, C. og Edkins, T. (2016). Are the Kids All Right? The Impact of School Climate among Students with LGBT Parents. *Canadian Journal of Education/Revue Canadienne De l'éducation*, 39(1), 1-25. <https://journals.sfu.ca/cje/index.php/cje-rce/article/view/2018>
- Samtökin '78. (2020). *Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi*.
https://k3r6k4a9.rocketcdn.me/wpcontent/uploads/2020/08/Skolakonnun_GLSEN_FINA_L.pdf
- Sólveig Rós Másdóttir. (2015). *Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin kynfræðsla*.
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/nyskopunarsjodsverk_efni_solveig_ros_2015_2.pdf



Velferðarráðuneyti. (2013). *Karlar og jafnrétti: Skýrsla og tillögur um aukinn hlut karla í jafnréttismálum*. https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit_2013/karlar_og_jafnretti_skyrsla_m_tillogum_18ap2013.pdf

Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2011). Kynjajafnréttisfræðsla í skólum: Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu: Menntakvika 2011*. <http://hdl.handle.net/1946/12404>

Undirskriftir

Námsmaður hefur náð settum markmiðum. Niðurstöður liggja fyrir og eru fram settar í skýrslunni sem unnin hefur verið af námsmanni.

Undirskrift umsjónarmanna:

A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'K. Sigurðsson'.A handwritten signature in blue ink, appearing to be 'Kolbrún H. Sigurgeirsdóttir'.

Undirskrift nema:

Bjar klind Björk Gunnarsdóttir